



63. fundur stjórnar Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra

Fundur haldinn þriðjudaginn 30. apríl 2024 á Teams og hófst fundurinn kl. 13.00.

Fundinn sátu: Lára Halldóra Eiríksdóttir, formaður, Helena Eydís Ingólfssdóttir, Guðjón M. Ólafsson, Hilda Jana Gísladóttir, Axel Grettisson, Hermann Ingi Gunnarsson, Katrín Sif Ingvarsdóttir, Gerður Sigtryggisdóttir í forföllum Ragnheiðar Jónu Ingimarsdóttur, Sigurður Þór Guðmundsson, Þórunn Sif Harðardóttir, Þröstur Friðfinnsson, og Albertína Friðbjörg Elíasdóttir framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

1. Kynning á starfsemi EIMS

Til fundarins mætti Ottó Elíasson, framkvæmdastjóri EIMS og kynnti það sem efst er á baugi í starfsemi félagsins.

Stjórn þakkar fyrir kynninguna.

2. Samningar vegna Áfangastaðastofu Norðurlands

Lögð fram til samþykktar drög að endurnýjuðum þjónustusamningi SSNE og MN. Samningurinn er til eins árs í samræmi við samning SSNE og SSNV við Ferðamálastofu og nánast óbreyttur frá fyrri samningi.

Jafnframt lögð fram drög að samningi SSNE við sveitarfélögin um framlög til reksturs MN.

Stjórn samþykkir framlögð drög og felur framkvæmdastjóra að skrifa undir þjónustusamninginn fyrir hönd SSNE og senda drög að samningi um framlög til reksturs Markaðsstofu Norðurlands til sveitarfélaganna til umfjöllunar.

3. Sóknaráætlun Norðurlands eystra

Elva Gunnlaugsdóttir og Díana Jóhannsdóttir verkefnastjórar mæta til fundarins undir þessum lið til að kynna frumniðurstöður frá ársþinginu.

Stjórn þakkar fyrir kynninguna.

4. Skipan í úthlutunarnefnd og fagráð

Lagt fram minnisblað í tengslum Uppbyggingarsjóð Sóknaráætlunar Norðurlands eystra varðandi úthlutun úthlutunarnefndar Uppbyggingarsjóðs og fagráða o.fl.. Jafnframt var lögð fram tillaga að uppfærðum úthlutunarreglum vegna úthlutunar styrkja úr Uppbyggingarsjóði Sóknaráætlunar Norðurlands eystra 2020-2024. Díana Jóhannsdóttir verkefnastjóri sat fundinn undir þessum lið og kynnti helstu atriðin í minnisblaðinu.

Stjórn samþykkir að fundum úthlutunarnefndar verði fjölgað um tvo, úr fimm í sjö.

Stjórn samþykkir drög að endurskoðuðum úthlutunarreglum.

Stjórn samþykkir að fagráð SSNE verði skipað óbreytt út árið 2024 í ljósi þess að núgildandi sóknaráætlun rennur út um áramót.

Stjórn SSNE samþykkir að skipa Hildu Jönu Gísladóttur, Akureyrarbæ, Arnar Þór Stefánsson, Fjallabyggð og Halldóru J. Friðbergsdóttur í Úthlutunarnefnd Sóknaráætlunar Norðurlands eystra til tveggja ára.

Stjórn samþykkir að opnað verði fyrir umsóknir 11. september og opið til 16. október 2024.

5. Mál til umsagnar

- a. [Frumvarp til laga um breytingu á umferðarlögum nr. 77/2019, 923. mál.](#)
- b. [Tillaga til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2025-2029, 1035. mál.](#)

Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna umsögn í samræmi við umræður á fundinum og senda á stjórn til samþykktar í tölvupósti.

6. Mál til kynningar

- a. [Þinggerð Árspings SSNE 2024.](#)
Stjórn staðfestir þinggerðina og felur framkvæmdastjóra að senda hana til sveitarfélaganna.
- b. [Fundargerð fagráðs atvinnu og nýsköpunar.](#)
- c. [Fundargerð fagráðs menningar.](#)
- d. [Umsögn frá Þóroddi Bjarnasyni um drög að borgarstefnu.](#)

7. Önnur mál

- a. Staðsetning júnífundar.
Stjórn samþykkir að júnífundur stjórnar verði haldinn í Hörgársveit.
- b. Munnleg skýrsla framkvæmdastjóra.
Framkvæmdastjóri kynnti það sem efst hefur verið á baugi í starfsemi samtakanna frá síðasta stjórnarfundum.

Fundi slitið kl. 15:15.